

Öskudagur í Breiðholti

10. febrúar milli kl. 17 og 19



Á öskudaginn ætlum við að halda áfram skemmtilegri hefð sem er að festa sig í sessi hér í hverfinu. Þá mun öllum börnum í hverfinu gefast kostur á að ganga í merkt hús og syngja fyrir nágranna sína í von um sælgæti eða góðgæti (t.d. kleinur, kex, límmiða) að launum.

Öskudagur

Verið velkomin að syngja hér

Ef þú vilt taka þátt þarf að:

Auðkenna húsið/íbúðina þína með því að setja miða út í glugga, á póstkassa eða á hurð. Líka hægt að vefja poka um hurðarhúin eða setja útikerti á öruggan stað.

Eiga nokkra sælgætismola eða annað góðgæti og gefa börnunum sem banka upp á að launum fyrir söng. Það þarf ekki mikið á mann.

Ef þú vilt ekki taka þátt þarf ekkert að gera (ekki setja miðann í gluggann)

Foreldrar athugið!

Munið að börnin eru alfarið á ábyrgð ykkar á meðan þessu fer fram.

Hvetjið börn ykkar til að ganga um hverfið milli klukkan 17 – 19 í stað þess að fara í verslanir,.

Gangið jafnvel með börnum ykkar um hverfið, gjarnan í búningi.

Brýnið fyrir börnum ykkar að banka einungis á dyr þar sem þau eru boðin velkomin með miða út í glugga eða á hurð.

Stjórnir foreldrafélaga í Breiðholti og
fleiri

Öskudagur

**Verið velkomin að
syngja hér**